



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 25. mars 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til breytinga á búvörulögum, nr. 99/1993 (framleiðendafélög), 107. mál, 156. löggjafarþing.

Samtök iðnaðarins (hér eftir: „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið ofangreint mál til umsagnar, en umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar barst samtökunum þann 11. mars sl. Þess ber að geta að þrátt fyrir áskilnað 3. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, [...]¹ voru áform um lagasetningu og frummat á áhrifum ekki kynnt almenningi og gefinn kostur á umsögnum og ábendingum. Samráðsferli málsins hefst því fyrst með umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar sem er óhefðbundið og ekki í samræmi við reglur um framgang frumvarpa sem stjórnvöld hafa sjálf sett sér. Samtökin vona að hér sé um einstaka undantekningu að ræða og verði ekki viðtekin venja.

Aðdragandi breytinga á búvörulögum nr. 99/1993

Tildrög málsins má rekja aftur til ársins 2018 þegar lagt var fram frumvarp um heimildir afurðastöðva í kjötiðnaði til sameiningar, aukins samstarfs og verkaskiptingar. Dagaði það uppi rétt eins og önnur frumvörp sem fylgdu í kjölfarið. Þann 12. nóvember árið 2020 sendu samtökin ásamt Samtökum atvinnulífsins og Bændasamtökum Íslands erindi á ríkisstjórn Íslands þar sem vakin var athygli á afar þröngri stöðu sláturleyfishafa við kjötframleiðslu hér á landi. Erindinu var fylgt eftir með erindum 7. desember sama ár sem og öðru þann 15. janúar 2021. Grundvöllur þessara beiðna var að bæta stöðu innlendrar framleiðslu og ná fram hagkvæmni í framleiðslu á landbúnaðarafurðum með þeim leiðum sem þekkjast í nágrannaríkjum okkar, þ.e. með heimildum til samstarfs, sérhæfingar og verkaskiptingar meðal framleiðenda.

Í kjölfar þessara erinda voru birt og kynnt stjórnarfrumvörp í anda hagræðingar til handa kjötframleiðenda árin 2021, 2022 og 2023. Frumvarp það sem lagt var fram árið 2023 hlaut þinglega meðferð, tók breytingum í atvinnuveganefnd og loks samþykkt af Alþingi í mars 2024. Með gildistöku laganna var kjötafurðastöðum veitt heimild til sameiningar og samstarfs með það fyrir augum að koma á hagræðingu. Í kjölfarið réðust aðilar sem undir lögin falla í hagræðingaraðgerðir á grundvelli þessara heimilda. Þær aðgerðir voru þó stöðvaðar eftir að í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 18. nóvember 2024, var komist að þeirri niðurstöðu að

¹ Samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, nr. 791/2018. <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Log-og-rettur/Skjol/Sam%C3%BEykkt%20r%C3%ADkisstj%C3%B3rnarinnar%20um%20undirb%C3%BAning%20og%20fr%C3%A1gang%20stj%C3%B3rnarfrumvarpa%20og%20%C3%BEings%C3%A1lyktunar%20tillagna%20240223.pdf>



lögin voru ekki sett í samræmi við ákvæði 44. gr. stjórnarskrárinnar, í máli Innnes gegn Samkeppniseftirlitinu.

Áfrýjun dóms héraðsdóms beint til Hæstaréttar Íslands

Eins og málum er háttað hefur Samkeppniseftirlitið óskað eftir og fengið samþykkt áfrýjunarleyfi á ofangreindum héraðsdómi beint til Hæstaréttar. Ekki er heimilt að samþykkja slíka beiðni nema niðurstaða málsins hafi fordæmisgildi, hafi almenna þýðingu fyrir beitingu réttarreglna eða verulega samfélagslega þýðingu að öðru leyti. Lögmæti téðra laga og þingleg meðferð þeirra er því til úrlausnar fyrir æðsta dómstóli landsins um þessar mundir að uppfylltum þröngum skilyrðum. Varhugavert er að fara af stað með málið og fella úr gildi lög sem Hæstiréttur kemur til með að fjalla um á næstu vikum með tilheyrandi fordæmisgildi. Er það aðeins til þess fallið að skapa enn meiri réttaróvissu.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu stendur til að fella brott 71. gr. A og 5. gr. úr búvörulögum nr. 99/1993, sem heimila kjötafurðastöðum að sameinast og hafa með sér aukið samstarf í þágu hagræðingar. Kemur þar fram að ætlunin sé að vinna nýjar hagræðingartillögur í samráði við hagaðila síðar. Þetta fyrirkomulag er síður en svo til þess fallið að skapa fyrirsjáanleika og hlúa að rekstrarumhverfi matvælaframleiðslu hér á landi en mun fremur draga úr samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu sem þegar er verulega skert. Töluverð óvissa hefur skapast í kjölfar dóms héraðsdóms og áfrýjun málsins til Hæstaréttar og er ekki á það óvissustig bætandi með þessum hætti.

Niðurlag

Samtökin biðla til stjórnvalda að stíga varlega til jarðar og leyfa málinu að rata sinn veg í dómskerfinu áður en brugðist er við og gripið til ótímabærra aðgerða. Hætt er við, eins og málin standa, að þær aðgerðir verði bæði stjórnvöldum og atvinnulífi til tjóns.

Þá vilja samtökin benda á að í umsögn Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) er aðdragandi og meðferð málsins rakin í ítarlegu og vönduðu máli. SAFL ásamt Bændasamtökum Íslands eru hinir eiginlegu sérfræðingar þegar kemur að rekstrarskilyrðum landbúnaðar og framleiðslu á landbúnaðarafurðum. Verður því að gefa sjónarmiðum þeirra gaum og vægi í samræmi við þá sérstöðu.

Að því sögðu lýsa samtökin sig reiðubúin til frekara samtals og samráðs um málið og óska jafnframt eftir boði á fund atvinnuveganefndar til frekara samtals.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Helgi Birgisson
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði